

Ed.

524. Nefndarálit

[161. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sendi það vegamálastjóra til umsagnar. Hún varð eigi sammála um afgreiðslu málsins, og mun meiri hl. skila séráliti.

Samkvæmt gildandi lögum er ríkisstjórninni heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum og má það nema allt að 135% af fob-verði hvernar bifreiðar eða bifhjóls. Heimild þessi hefur verið notuð, og er áætlað samkvæmt fjárlögum fyrir þetta ár, að þessi tekjustofn nemi 124 millj. kr. Fé þetta er nú látið renna í ríkissjóð, en ekki til vegaf framkvæmda.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að gjald það, er hér um ræðir og innheimt er af innfluttum bifreiðum, skuli frá næstu áramótum renna í vegasjóð og fénu varið til að gera nýja þjóðvegi.

Í umsögn vegamálastjóra um frv. er þetta m. a. tekið fram:

Tekjur vegasjóðs hrökkva skammt til að standa straum af kostnaði við þau verkefni, sem fram undan eru í samgöngumálum og vegalög eða vegáætlun beinlínis mæla fyrir um að unnin séu.

Hraðbrautir eru nú taldar 148 km. Þar af er búið að fullgera um 42 km og það verk unnið fyrir lánsfé.

Áætlað er, að við þá vegi, sem koma í flokk hraðbrauta samkvæmt vegalögum, bætist a. m. k. 200 km, þegar næsta vegáætlun verður sett.

Á næstu árum þarf að gera stóráttak við brúargerðir og við að leggja þjóðbrautir og landsbrautir.

Lán, sem tekin hafa verið til vegagerða, námu um s. l. áramót 268 millj. kr.

Vextir og afborganir þeirra lána nema á þessu ári 44.3 millj. kr. eða 54% af því fé, sem á árinu verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Þessi greinargerð vegamálastjóra sýnir, hvert stefnir á þessu sviði og að tíma- bært er að gera þá ráðstöfun, sem frv. þetta kveður á um.

Verði frv. lögfest, leiðir af því skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Það kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári, og fyrir næstu áramót á að setja ný fjárlög og endurskoða vegáætlunina. Þá verður að taka tillit til þeirra ákvæða, sem hér um ræðir, ef að lögum verða.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. marz 1966.

Umsögn um frumvarp til laga á þingskjali 363, um breytingu á vegalögum, nr. 71/1963.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 24. þ. m., en móttæknu 29. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á vegalögum.

Skv. frumvarpinu er í 1. gr. lagt til, að á eftir 86. gr. vegalaga komi ný grein þess efnis, að innheimt skuli sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, er nema megi allt að 135% af fob-verði hvernar bifreiðar eða bifhjóls. Skuli tekjum af gjaldi skv. þessari grein varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr. vegalaga.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1967, en um leið verði felld úr gildi 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega á það bent, að tekjustofn vegasjóðs skv. vegalögum hrökkvi mjög skammt til lausnar þess verkefnis, sem framundan er í vegamálum og vegalög beinlínis mæla fyrir um, en það er lagning hraðbrauta með varanlegu slitlagi á þeim vegum, þar sem ætla má að umferð yfir sumarmánuðina verði 1000—10000 bifreiðar á dag innan 10 ára.

Þessir vegir eru í gildandi vegáætlun taldir alls um 148 km vegalengd, en af þeim eru taldar fullgerðar hraðbrautir um 42 km og í raun réttir þó aðeins um 37 km, en það er Reykjanesbrautin, en sá vegur er að mestu leyti byggður fyrir lánsfé.

Umferðartalning s. l. 2 ár bendir til þess, að hraðbrautir skv. 12. gr. vegalaga muni við endurskoðun á vegáætlun lengjast um a. m. k. 200 km, þar sem við hraðbrautir munu bætast langir vegakafar, eins og t. d. Vesturlandsvegur frá Þingvallavegamótum að vegamótum við Borgarnesbraut, enn fremur Borgarnesbraut, Akranesvegur, Þingvallavegur, Suðurlandsvegur frá Selfossi að Skeiðavegamótum, auk ýmissa stuttra vegakafila við Akureyri, Egilsstaði og víðar.

Þá eru og óleyst óhemju verkefni við lagningu þjóðbrauta og landsbrauta svo og byggingu nýrra brúa og endurbyggingu gamalla brúa, eins og nánar var rakið í greinargerð með tillögu til vegáætlunar fyrir árin 1965—1968.

Á undanförnum 4 árum hefur verið unnið töluvert að vegaf framkvæmdum fyrir lánsfé til langs tíma, og námu slík lán um s. l. áramót um 268 millj. kr. Þar af voru 229 millj. kr. lán vegna Reykjanesbrautar, en hitt eru lán vegna Ólafsvíkurvegar um Enni, Siglufjarðarvegar um Stráka, Ólafsfjarðarvegar um Múla og nokkurra vega skv. Vestfjarðaáætlun. Vextir og afborganir þessara lána munu í ár nema um 44.3 millj. kr., eða um 54% af því fé, sem í vegáætlun í ár verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Af þessu er ljóst, að þótt bygging vega fyrir lánsfé geti verið mjög hagkvæm við lausn tæknilega afmarkaðra verkefna, sem vinna þarf að mestu í einum áfanga, eins og t. d. stórbrýr og jarðgöng, og við lagningu einstakra vega, sem ekki koma að gagni fyrr en þeir eru fullgerðir, eins og vegurinn um Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla, þá er þessi leið ekki fær til langframa, þar sem verkefni aukast með vaxandi umferð, en tekjurnar ekki að sama skapi. Endurgreiðsla vegalána með innheimtu sérstaks umferðargjalds, eins og nú er framkvæmt á Reykjanesbraut, er aðeins möguleg við mjög sérstakar aðstæður, sem óvíða eru fyrir hendi hér á landi. Er ég sammála flutningsmönnum frumvarpsins um það, að til frambúðar verði að miða fjáröflun til vegaf framkvæmda í aðalatriðum við samtíma tekjur, eins og tíðkað er í flestum löndum.

Ofangreint frumvarp er því mjög tímabært og mundi leysa mikið af þeim vanda, sem fjáröflun til vegaf framkvæmda er nú, þar sem ætla má, að tekjur af því þegar á fyrsta ári yrðu nokkuð á annað hundrað millj. kr., en tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða og bifhjóla skv. lögum nr. 4/1960 eru í fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 124 millj. kr.

Hins vegar leyfi ég mér að benda á, að samgöngumálaráðuneytið skipaði hinn 31. jan. s. l. þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um nýjar leiðir til verulega aukinnar fjáröflunar fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, sem ákveðið er að gerð verði á hausti komanda.

Með vísun til þess, er að framan greinir, þá leyfi ég mér að mæla með samþykkt frumvarpsins, en teldi það einnig vel viðunandi lausn málsins, ef nefnd sú, er að framan greinir, fyndi aðra og ekki lakari fjáröflunarleið fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun á hausti komanda.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.
Samrit til samgöngumálaráðuneytisins.